



Borgarstjórinn í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2008  
komudagur 8.4.2008

Reykjavík, 4. apríl 2008

R08030021

175

ÓKH/isg

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### **Breytingar á lögum á auðlinda- og orkusviði - umsögn**

Á fundi borgarráðs 3. þ.m. var lagt fram bréf borgarlögmans, dags. í dag, varðandi umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum á auðlinda- og orkusviði. Jafnframt lögð fram umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 2. s.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna óskaði bókað:

Fagnað er viðleitni þeirri sem fram kemur í frumvarpinu í þá veru að halda orkuauðlindunum í almenningseign. Frumvarpið kemur vissulega í veg fyrir einkavæðingu þeirra orkufyrirtækja sem nú eru alfarið í eigu opinberra aðila en þó aðeins að 2/3. Í því sambandi má benda á að engin samkeppnis- eða hagkvæmnisrök hníga að því að sérleyfisstarfsemi sé í einkaeign. Hins vegar er varað við þeim atriðum frumvarpsins þar sem boðuð er meiri aðkoma einkaaðila að orkufyrirtækjunum en áður hefur þekkt. Í raun gæti orðið um að ræða einkavæðingu á framleiðslufyrirtækjum þar sem sérstök eignarhaldsfélög yrðu mynduð um auðlindina til að halda henni eftir. Þetta þýðir mögulega einkavæðingu á Landsvirkjun, Rarik, Orkubúi Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja, þar sem stofnuð yrðu félög um auðlindina sem yrði svo hugsanlega leigð áfram til einkaaðila. Sérstakar áhyggjur vekur umfjöllun 4. greinar þar sem opnað er á að einkaaðili eignist hlut í Landsneti sem er sannarlega vegakerfi orkunnar og ætti að vera í eigu opinberra aðila hér eftir sem hingað til. Vakin er athygli á því að með frumvarpinu er takmarkaður réttur sveitarfélaga til að skipa veitumálum sínum með hagkvæmum hætti í einu móðurfyrirtæki en með því er krafist fyrirtækjaaðskilnaðar í stað bókhaldsaðskilnaðar milli sérleyfis- og einkaleyfisstarfsemi á raforkusviði. Spurning er hvort tryggt sé að ríkið sé skaðabótaskyld gagnvart viðkomandi sveitarfélögum ef sýnt verður frammi á að fjárhagslegt óhagræði skapist af aðskilnaðinum.

Ólafur Kr. Hjörleifsson

e.u.

Afrit:  
Borgarlögmaður  
Orkuveita Reykjavíkur



Reykjavík, 3. apríl 2008

R08030021

175

Til borgarráðs

***Frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði***

Með bréfi, dags. 4. mars sl. óskaði iðnaðarnefnd umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda- og orkusviði, 432. mál, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður. Veittur umsagnarfrestur var framlengdur til 3. apríl.

Orkuveita Reykjavíkur hefur gefið umsögn um frumvarpið og telur undirrituð ekki ástæðu til að borgarráð gefi sérstaka umsögn um frumvarpið. Því er lagt til að borgarráð taki undir umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um sama frumvarp.

Kristbjörg Stephensen hdl.

Hjálagt:

Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 2. apríl 2008



Orkuveita  
Reykjavíkur

Reykjavík, 2. apríl 2008

Iðnaðarnefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði**


Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Orkuveita Reykjavíkur er í öllum meginatriðum sátt við efni frumvarpsins og þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á nokkrum lögum á orkusviði. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 1. febrúar sl. var eftirfarandi bókað: „*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fagnar þeirri áherslu í frumvarpsdrögum til laga á orkusviði að tryggja með afgerandi hætti að eignarhald orkuauðlinda í opinberri eigu verði það áfram.*“ Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarpið er eftirfarandi:

1. Uppbygging og rekstur Orkuveitu Reykjavíkur er í meginatriðum í samræmi við ákvæði frumvarpsins og innan fyrirtækisins er skýr aðgreining milli samkeppnis- og sérleyfisþátta. Þannig er framleiðsla og sala rekin í sérstakri einingu sem er bókhaldslega aðgreind frá dreifingu og þess gætt að viðskiptaupplýsingar á samkeppnissviði berist ekki þar á milli. Orkuveita Reykjavíkur á í samkeppni við önnur orkufyrirtæki á raforkumarkaði og er nauðsynlegt að öll fyrirtæki, stór og smá, lúti sömu lögum og búi við sömu leikreglur. Á þetta er bent þar sem frumvarpið kveður á um fyrirtækjaaðskilnað þegar árlegar rekstrartekjur tiltekinnar rekstrareininga fara umfram 2 milljarða kr. Af þessu verður ráðið að frumvarpið taki auk Orkuveitu Reykjavíkur til Rarik og Hitaveitu Suðurnesja. Önnur orkufyrirtæki virðast falla utan ákvæða frumvarpsins og með því er fyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra mismunað. Þessi mismunun virðist stangast á við yfirlýst markmið frumvarpsins sem svo er lýst í greinargerð: „...að tryggja jafnan aðgang framleiðenda að flutnings- og dreifikerfum raforku og koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kunna að leiða af því að sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi er á sömu hendi.“ Þetta markmið hlýtur að eiga við allan raforkumarkaðinn.
2. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu þeirra heimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt á vatni til ríkis, sveitarfélags eða félags sem er alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda. Orkuveita Reykjavíkur leggur til að eftirfarandi falli brott úr greininni: *og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.* Þær auðlindir sem Orkuveita Reykjavíkur á eru innan félagsins og verður þess gætt að þær verði framvegis alfarið í eigu félagsins sem er að öllu leyti í eigu sveitarfélaga. Samkvæmt texta frumvarpsins yrði Orkuveita Reykjavíkur að stofna sérstakt félag um þær auðlindir sem framseldar yrðu frá ríki eða öðrum sveitarfélögum. Ekki verður séð að þetta sé nauðsynlegt meðan Orkuveita Reykjavíkur er alfarið í eigu opinberra aðila. Sama athugasemd á við fleiri greinar.

3. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins er þess getið að í 3. mgr. sé lagt til að ríki, sveitarfélögum og félögum sem stofnuð séu skv. 2. mgr. verði heimilt að veita öðrum tímabundin afnotarétt að vatni, þar með talið jarðhita og grunnvatni. Tekið er fram að þessi undanþága nái ekki til orkufyrirtækja sem alfarið eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og er þeim því óheimilt að framleigja slík réttindi sín. Orkufyrirtæki sem alfarið eru í eigu opinberra aðila eiga að sitja við sama borð og eigendur þeirra.
4. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að handhafa virkjunarleyfis með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða sé óheimilt að stunda sérleyfisstarfssemi á orkusviði. Ekki er ljóst hvort um er að ræða mörk á heildartekjur handhafans eða einungis þær tekjur sem koma til vegna raforkuframleiðslu. Sama athugasemd á við fleiri greinar sbr. ákvæði í 5. grein um dreifiveitu og 6. gr. um handhafa raforkuviðskiptaleyfis.
5. Í 4. gr. er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera að lágmarki að 2/3 hlutum í eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja, sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Í 5. gr. er kveðið á um að dreifiveita skuli að lágmarki vera að 2/3 hlutum í eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja, sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Rekstur dreifiveitu hefur ekki verið skylduverkefni sveitarfélaga eða opinberra aðila fram að þessu. Rekstur vatnsveitu í þéttbýli er skylduverkefni sveitarfélaga sbr. lög 32/2004. Þar er kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögnum. Það er nægjanlegt að flutningsfyrirtækið og dreifiveitur verði að meirihluta til í eigu opinberra aðila og óþarft að kveða á um þennan aukna meirihluta. Ekki fæst séð sú nauðsyn að binda eignarhluta opinberra aðila í þessum fyrirtækjum umfram meirihluta.
6. Með aðgreiningu dreifiveitu frá samkeppnisstarfssemi verður að kveða á um að dreifiveita skuli skila eigendum sínum hæfilegum arði að teknu tilliti til þess fjár sem í veitunni er bundið. Þetta er nauðsynlegt þar sem dreifiveitur í eigu sveitarfélaga þjóna oft sveitarfélögum sem ekki eiga hlut í dreifiveitunni. Eðlilegt er að þau sveitarfélög sem dreifiveituna eiga og hafa bundið fé í henni og bera á henni alla ábyrgð fái viðunandi arð. Einnig þarf að kveða á um þetta til þess að fá megi fjárfesta s.s. lífeyrissjóði til að binda fé í dreifiveitu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,



Hjörleifur B. Kvaran,  
forstjóri